

REGLUR

verkfræðideildar Háskóla Íslands um doktorsnám.

1. gr.

Vísindanefnd verkfræðideildar.

Vísindanefnd verkfræðideildar fer með málefni doktorsnáms innan deildarinnar. Í vísindanefnd situr fulltrúi úr hverri skor sem deildarráð skipar. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umsóknir í doktorsnám og skila deildarráði umsögn um þær. Nefndin skal einnig fjalla um meiri háttar breytingar á námsáætlun eftir upphaf náms og sinna öðrum málum varðandi doktorsnám, sem deildarráð kann að fela henni. Stúdent getur skotið ágreiningi við doktorsnámsnefnd, sbr. 10. gr., til deildarráðs sem leitar álits vísindanefndar.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám við verkfræðideild er til 15. mars, fyrir nám, sem hefst á haustmisseri og til 15. september fyrir nám, sem hefst á vormisseri.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Ferli umsókna um doktorsnám er eftirfarandi:

- a) Stúdent finnur sér leiðbeinanda (sjá 9. og 10. gr.).
- b) Stúdent sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstökum eyðublöðum, sem fást hjá nemendaskrá og skrifstofu verkfræðideildar. Umsókn um doktorsnám skulu fylgja drög að náms- og rannsóknáætlun. Umsóknum skal skilað á skrifstofu verkfræðideildar.
- c) Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða, sem fjármagna eiga námið, skulu þau fylgja umsóknum um doktorsnám. Skrifstofa rannsóknasviðs veitir aðstoð við gerð slíkra umsókna.
- d) Vísindanefnd fjallar um umsóknina og skilar umsögn til deildarráðs þar sem samþykki eða höfnun er rökstudd. Deildarráð afgreiðir umsóknir formlega með hliðsjón af umfjöllun vísindanefndar. Skrifstofa deildar tilkynnir umsækjanda niðurstöðu bréflaga og ef um synjun er að ræða fylgir rökstuðningur deildarráðs með.
- e) Ef deildarráð samþykkir umsóknina tilnefnir viðkomandi skor umsjónarkennara (sjá 9. og 10. gr.). Umsækjandi ásamt umsjónarkennara leggur fram endanlega náms- og rannsóknáætlun fyrir skor til umfjöllunar.
- f) Samþykkt námsáætlun frá skor er lögð fyrir vísindanefnd til staðfestingar. Ef vísindanefnd hefur athugasemdir um námsáætlunina fer hún aftur til skorar til endurskoðunar. Þegar vísindanefnd hefur samþykkt áætlunina tilkynnir skrifstofa deildarinnar umsækjanda það bréflaga.
- g) Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars skal vera lokið fyrir 25. apríl. Umsóknir sem berast fyrir 15. september skal afgreiða fyrir 15. október. Afgreiðslu umsókna skal tilkynna til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- h) Umsækjandi sem verkfræðideild hefur samþykkt skal snúa sér til nemendaskrár og skrá sig til náms. Skráning vegna náms sem hefjast skal á haustmisseri, skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. október fyrir nám á vormisseri.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í nám til doktorsprófs við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið M.S.-prófi frá deildinni eða hafa sambærilegt próf frá rannsóknaháskóla.

5. gr.

Samsetning náms.

Námið skiptist í námskeiðshluta og rannsóknarverkefni. Námskeiðshlutinn skal vera eins árs nám í fullu starfi og jafngilda 30 einingum hið minnsta. Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum stúdents hjá leiðbeinanda hans er 9 einingar.

Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Lágmarkseinkunn er 6,0 fyrir námskeið við verkfræðideild sem meta skal til doktorsprófs. Námskeiðum sem tekin eru við erlenda rannsóknaháskóla skal ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Eiginleg vinna við rannsóknarverkefnið hefst að jafnaði ekki fyrir en námskeiðum er lokið.

Vísindanefnd fjallar sérstaklega um fjölda námskeiða og samsetningu þeirra í endanlegri námsáætlun. Námskeiðin skulu að jafnaði vera á doktorsstigi við Háskóla Íslands eða rannsóknaháskóla.

6. gr.

Tímalengd náms og einingafjöldi.

Doktorsnám að loknu meistaraprófi skal vera þriggja ára nám í fullu starfi hið minnsta. Doktorsneminn skal að lágmarki hafa eins árs viðveru við Háskóla Íslands eftir að námskeiðshluta lýkur.

Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á, að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann, eða samkvæmt nánari reglum, sem Háskóli Íslands kann að setja.

7. gr.

Námskeið í grunnnámi.

Að jafnaði er ekki er heimilt að nota námskeið úr grunnnámi (B.S.-námi) sem hluta doktorsnáms nema þau séu nauðsynlegur hluti námsins og úr öðrum deildum.

8. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi kennara með doktorspróf í föstu starfi við verkfræðideild í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða, framvindu þess og hvað annað sem tengist náminu.

Leiðbeinandi annast faglega leiðsögn doktorsnema í rannsóknnum. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Deild getur þó heimilað nemanda, að hafa utan- aðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur, sem gerðar eru í þessum reglum, sbr. 9. grein.

9. gr.

Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal ávallt vera kennari í föstu starfi í viðkomandi grein. Leiðbeinandi nemanda í doktorsnámi skal ávallt vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar um eigin rannsóknir í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Rannsóknarverkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans.

10. gr.

Doktorsnámsnefnd.

Doktorsnámsnefnd viðkomandi nemanda skal skipuð þremur sérfróðum mönnum hið minnsta, sem deildarráð skipar að fengnum tillögum vísindanefndar. Einn þeirra skal vera umsjónarkennarinn og er hann formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal starfa utan viðkomandi skorar.

Doktorsnámsnefnd kveður doktorsnemann á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur. Áður en til doktorsvarnar kemur skilar doktorsnámsnefndin rökstuddu álitu til deildar um hvort gefa skuli doktorsefni kost á, að leggja fram ritgerð sína til doktorsvarnar. Ef atkvæði falla jafnt í nefndinni ræður atkvæði formanns nefndarinnar.

Í þeim tilvikum sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal leiðbeinandi einnig sitja í doktorsnámsnefnd.

11. gr.

Prófdómarar og andmælendir.

Pegar fyrir liggur að deild hafi samþykkt ritgerð til doktorsvarnar gerir skor tillögu til deildar um tvo andmælendir við doktorsvörn og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnámsnefnd. A.m.k. annar andmælendanna skal vera frá erlendum rannsóknaháskóla. Deildarráð tilnefnir andmælendir að fengnum tillögum vísindanefndar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Um andmælendir við doktorsvörn gilda ákvæði 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

12. gr.

Námsmat.

Eigi síðar en um miðbik námsins skal doktorsneminn leggja fram og verja tillögu um fyrirhugað rannsóknarverkefni. Doktorsnámsnefnd metur tillöguna og prófar um leið doktorsnemann í almennri þekkingu og rannsóknaaðferðum á viðkomandi sviði. Skilyrði fyrir því, að nemandi geti haldið áfram doktorsnámi er, að hann ljúki þessum áfanga með fullnægjandi árangri. Standist doktorsneminn ekki áfangann að mati doktorsnámsnefndar skal hún rökstyðja þá ákvörðun. Einfaldur meirihluti ræður í doktorsnámsnefnd. Atkvæði formanns nefndarinnar ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Rannsóknarverkefni til doktorsprófs lýkur með því, að nemandi leggur fram ritgerð og heldur um hana opinberan fyrirlestur. Ritgerð skal metin af andmælendum samanber reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats doktorsnámsnefndar staðfest yfirlit um námsferil stúdents.

13. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerðar.

Doktorsritgerð skal leggja fram fyrir doktorsnámsnefnd og andmælendir eigi síðar en sex vikum fyrir doktorsvörn. Verk til lokaprófs getur verið hvort sem er í formi heildstæðrar ritgerðar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Með greinasafni skal ávallt fylgja ítarlegt yfirlit og samantekt á verkinu. Deildarskrifstofa veitir leiðbeiningar um frágang og útlit ritgerða, fjölda eintaka, kostnað vegna þeirra og skil til Háskólabókasafns og samþykkir einnig lokafrágang.

14. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta doktorsnáms má taka við aðra rannsóknaháskóla. Skýrt skal kveðið á um vægi námskeiða og verkefnis við Háskóla Íslands og aðra rannsóknaháskóla í drögum að námsáætlun, sem lögð er fram við innritun.

15. gr.

Lærdómstitill.

Doktorspróf veitir rétt til lærdómstitilsins *doctor philosophiae* og notkun skammstöfunarinnar Ph.D.

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í verkfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla verkfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

heimspekideildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

1. gr.

Málsmeðferð í skor og stofnun.

Þegar deildarforseti hefur fengið frá rektor dómnefndarálit, ásamt athugasemdum umsækjenda og svörum dómnefndar ef við á, sendir hann gögnin til skorar og stöðunefndar heimspekideildar, en hún er deildarforseta til ráðuneytis í stöðumálum. Dómnefndarálit og öll fylgigögn skulu send stöðunefndarmönnum og skorarmönnum með minnst einnar viku fyrirvara fyrir fund þar sem gera skal tillögu um veitingu starfs. Deildarforseti getur þó sent gögnin fyrst til stöðunefndar eingöngu telji hann málið þurfa sérstakrar skoðunar við. Telji stöðunefnd að gögnin séu ekki tæk til frekari afgreiðslu sendir hún þau aftur til rektors.

Á fundi skorarinnar skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu. Skorarformaður getur farið þess á leit að allir dómnefndarmenn sitji fundinn. Að lokinni reifun formanns dómnefndar fara fram umræður um umsækjendur. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram. Þeir hafa málfrelsi í umræðunum og mega taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu um veitingu starfsins ef þeir eiga atkvæðisrétt í viðkomandi skor. Þegar umræðum er lokið kjósa skorarmenn á milli umsækjenda. Á grundvelli atkvæðagreiðslunnar gerir skorin tillögu um hverjum beri að veita starfið. Hafí dómnefnd talið einn umsækjanda hæfastan og geri skor tillögu um að veita honum starfið, þarf ekki að rökstyðja þá tillögu frekar. Að öðrum kosti skal skorarformaður láta skriflegan rökstuðning fylgja tillögu meirihluta skorar.